

# FUNDARGERÐ

Fundur í stjórn FÍSOS 13. mars 2009 kl. 12.00 í Turni Þjóðminjasafnsins. Mætt eru Ágústa, Elfa Hlín, Alma Dís og Jón Allansson. Jón Sigurpálsson var í síma.

## 1. Fjármál

Jón Allansson greindi frá stöðu fjármála og á félagið í sjóð samtals um 657 þúsund krónur, útistandi ógreidd félagagjöld eru 60.000 kr. Því er ljóst að fjárhagsstaða félagsins er nokkuð góð. Góðfúslega tilmæli verða send til þeirra sem eiga ógreidd félagsgjöld á póstlistann á næstum dögum.

## 2. Árshátíð

Ákveðið að hækka framlag FÍSOS til árshátíðar félagsins um 20.000 kr, verður nú 120.000 kr.

## 3. Vefurinn

Umræða um póstlistann og vefinn, kosti þeirra og galla. Formanni falið að kanna aðra möguleika í sambandi við hýsingu á póstlista og heimilað að taka tilboði sem felur í sér kostnað undir 50.000 kr. á ári.

Formaður er nú komin með aðgang að heimasíðunni og hefur t.d. bætt inn fundargerðum stjórnar á vefinn.

## 4. Skírteini félagsmanna

Stefnt að því að senda út ný skírteini fyrir lok apríl.

## 5. Farskólinn

Farskólinn verður haldinn 16. – 18. september 2009 á Hótel Hvolsvelli. Lýður Pálsson er farskólastjóri og í stjórn verða auk hans Ágústa Kristófersdóttir f.h. FÍSOS, Inga Lára Baldvinsdóttir frá Þjóðminjasafni, Sverrir Magnússon, Byggðasafninu á Skógum og Sigríður Aradóttir, Sögusetrinu á Hvolsvelli. Rætt var um möguleg þemu og umræðugrundvelli á Farskólanum.

## 6. Safnaverðlaun

Jón Sigurpálsson verður formaður dómnefndar – þar sem Byggðasafn Vestfjaraða hlaut verðlaunin síðast þegar þau voru veitt. FÍSOS tilnefnir Ölmú Dís Kristinsdóttur og Örlyg Kristfinnsson sem sína fulltrúa í dómnefnd Íslensku Safnaverðlaunanna 2010.

## 7. Önnur mál

- a. Pétur Bjarni Gíslason, forstöðumaður Fuglasafns Sigurgeirs er samþykktur í FÍSOS og boðinn velkominn.

Fundi slitið kl. 13.07